

Upplýsingaskjal um hvað er tryggt

Chubb European Group SE, Tour Carpe Diem, 31, Place des Corolles - Esplanade Nord - 92400 Courbevoie, France. Chubb European Group SE tryggingarfélag skráð í Frakklandi undir kennitölunni 450 327 374 RCS Nanterre, fellur undir Vátryggingalögin og er samþykkt og háð eftirliti ACPR.

“Ultra”, “Metal”, “Premium” og “Plus” plan frá Revolut

Þetta skjal inniheldur samantekt yfir helstu tryggingar og undanþágur. Þetta er ekki sniðið að þínum sérstökum persónulegum þörfum. Heildar upplýsingar sem eru veittar áður en samningur er gerður og upplýsingar um samninginn varðandi þessa tryggingu er að finna í vottorði um vátrygginguna og skilmálum vátryggingaskírteinisins (t.d. varðandi persónuvernd)

Hvernig vátrygging er þetta?

Þetta er trygging á kaupum, trygging á endurgreiðslu og trygging vegna afpöntunar miða. Tryggingin tryggir skemmdir eða þjófnað (en ekki tap) á kaupum þínum. Þetta veitir endurgreiðslu á kaupverði þegar smásalinn vill ekki taka tryggða hlutinn til baka. Þetta bætir kostnaðinn af miðum á viðburði vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna. Allar tryggingar eru aðeins gildar ef að það er ekki undanþegið í vátryggingaskírteininu. Allar tryggingarnar eru aðeins fyrir kaup sem eru gerð með Ultra, Metal, Premium og Plus plan reikningnum þínum.



Hvað er tryggt?

Þetta vátryggingaskírteini greiðir bætur eins og fram kemur hér fyrir neðan í samræmi við vátryggingaskírteinið fyrir hluti sem eru keyptir á kortinu þínu vegna eftirfarandi:

Trygging á kaupum

- ✓ Allt að €1,000 (Plus plan) eða €2,500 (Premium Plan) eða €10,000 (Metal & Ultra Plan) vegna viðgerða eða endurnýjunar á tryggðum hlut sem keyptur er á reikningi þínum ef hlutnum er stolið eða hann skemmist (ekki ef hann tapast) innan 12 mánaða frá kaupum.
- ✓ Tryggingin tryggir að hámarki €1,000 (Plus plan) eða €2,500 (Premium Plan) eða €10,000 (Metal & Ultra plan) á 12 mánaða tímabili sem hefst á afmælisdegi reiknings þíns fyrir Ultra, Metal, Premium og Plus plan reikningi. Við greiðum einnig sendingarkostnað að senda hlutinn til okkar að hámarki €50.
- ✓ Við greiðum einnig sendingarkostnað að senda hlutinn til okkar að hámarki €50.

Trygging á endurgreiðslu

- ✓ Allt að €300 á hlut ef smásöluaðilinn er innan þess lands sem reikningurinn þinn er skráður eða í Evrópu vill ekki taka til baka tryggða hlutinn sem keyptur var á reikningnum innan 90 daga frá kaupunum.
- ✓ Tryggingin tryggir að hámarki €600 á 12 mánaða tímabili sem byrjar á afmælisdegi Ultra, Metal, Premium og Plus Plan reiknings.

Afpöntunar miða

Allt að €1,000 á 12 mánaða tímabili sem byrjar á afmælisdegi Ultra, Metal, Premium og Plus Plan reikningi ef þú getur ekki mætt á viðburð vegna einna af eftirfarandi ástæðna:

- ✓ Dauði, alvarleg meiðsli, veikindi hjá: þér, þeim sem ætlaði með þér á viðburðinn eða nákomnum ættingja.
- ✓ Ef þú er greindur af lækni með Covid-19.
- ✓ Nauðsynleg viðskiptaferð eða ef þú þarft að fara í endurupptökupróf.
- ✓ Ef ökutækið þitt skemmist innan 4 tíma áður en viðburðurinn hefst.
- ✓ Óvænt truflun á almenningssamgöngum í meira en 3 tíma.
- ✓ Ef þú er kallaður til lögmætrar skyldu á deginum sem viðburðurinn er.
- ✓ Þjófnaður á persónuskilríkjum þínum eða miðunum á viðburðinn.



- ✓ Alvarlegt tjón á aðal heimili þínu, auka heimili þínu eða atvinnuhúsnæði.
- ✓ Náttúruhamfarir eða slæmt veður sem leiðir til þess að ómögulegt er að ferðast á viðburðinn.



Hvað er ekki tryggt?

Gildir um allar tryggingar

- ✗ Allar bætur eru háðar því skilyrði að hluturinn eða miðinn hafi verið keyptur með reikningnum

Trygging á kaupum

- ✗ Vara með kaupverð lægra en 50
- ✗ Trygging er takmörkuð við 12 mánuði frá kaupunum.
- ✗ Vegna farsíma, er aðeins eitt tjón á hverjum 12 mánuðum tryggt. Þetta þýðir að ef þú færð kröfu um bætur greidda vegna tjóns á farsíma, getur þú ekki gert aðra kröfu vegna tjóns á næstu 12 mánuðum.

Trygging á endurgreiðslu

- ✗ Tryggingin er takmörkuð við 90 daga frá kaupum

Afpöntun miða

- ✗ Aðeins miðar sem tryggja aðgang að viðburði með ákveðnum sýningar- eða notkunardegi eru tryggðir. Miðar fyrir samgöngur eru ekki tryggðar.
- ✗ Aðstæður sem eru ekki tilgreindar í aðstæðum sem eru tryggðar eru ekki tryggðar.



Eru einhverjar takmarkanir á tryggingunni?

Gildir um allar tryggingar

- ! Allar kröfur sem gætu haft í för með sér brot á ályktunum Evrópusambandsins eða viðskipta- og efnahagslegar refsiaðgerðir eða önnur lög Evrópusambandsins, Bretlands eða Bandaríkjanna.
- ! Hlutir/miðar sem eru ekki keyptir á þínum reikningi

Trygging á kaupum

- ! Notaðir hlutir; venjulegt slit; tjón af völdum ásetnings eða vegna galla á vöru.
- ! Þjófnaður eða skemmdir á peningum, miðum, ökutækjum, ökutækjahlutum, dýrum, plöntum, vörur með lítið geymsluþol, matur og drykkir.
- ! Þjófnaður eða skemmdir af hlutum sem eru skildir eftir eftirlitslausir og/eða ekki tilkynntir til lögreglu (ef við á) innan 48 tíma.

Trygging á endurgreiðslu

- ! Hlutir sem kosta minna en €50 og hlutir sem eru ekki í söluhæfu ástandi.
- ! Hlutir af lagersölu, miðar, fornminjar, vörur með lítið geymsluþol, listmunir, verðmætar myntir/frímerki, matur og drykkir.
- ! Það er engin trygging ef að ástæða þess að smásöluaðilinn neitar að endurgreiða er vegna þess að smásöluaðilinn tekur ekki við skilum á hlutum með pósti.

Trygging vegna afpöntunar miða

- ! Veikindi eða slys, ástand eða aðstæður sem þú vissir af þegar þú keyptir miðann, þar sem hefði með sanngirni mátt búast við að þú hefðir hætt við slíkan miða vegna ástands eða aðstæðna.
- ! Allar kröfur þar sem að þjónustu aðilinn eða skipuleggjandi viðburðar býður upp á gjafabréf eða endurgreiðslu.
- ! Vilji þinn til að mæta ekki á viðburðinn.
- ! Viðburðinum sjálfum er aflýst.



Hvar er ég tryggður?

- ✓ Vegna tryggingar á kaupum: fyrir hluti keypta um allan heim en aðeins ef að tryggði hluturinn uppfyllir CE öryggis og umhverfsvottun sem var í gildi þegar hluturinn er keyptir innan Evrópusambandsins eða Bretlandi.
- ✓ Vegna tryggingar á endurgreiðslu: Landið þar sem kaupin eru gerð verða að vera þar sem reikningurinn er skráður eða í Evrópu.
- ✓ Vegna tryggingar á afpöntunar miða: viðburðir sem gerast í því landi þar sem reikningurinn þinn er skráður eða í Evrópu.



Hverjar eru mínar skyldur?

Á váttryggingartímabilinu

- Þú verður að útvega á eigin kostnað sönnunargögn og kvittanir við krefjum með sanngjörnum hætti.
- Þú verður að gæta skynsamlegrar varúðar til að verjast gegn tjóni, skemmdum, slysum, veikindum og til að vernda persónulegar eigur.

Komi upp tilefni til að halda uppi kröfu

- Þú verður að tilkynna okkur eins fljótt og auðið er ef atvik verða sem gefa tilefni til að halda uppi kröfu, og fara eftir eftirfarandi:
 - Fara inná Stjórnborðið þitt inná Revoult smáforritinu og fylla út tjonstilkynningu.
- Trygging vegna kaupa- Þú verður að útvega sönnun af kaupunum þar á meðal kvittun frá smásöluaðilanum. Þú verður að afla lögregluskýrslu vegna hluta sem er stolið. Skemmdir hlutir verða að vera sendir til okkar ef þess er óskað af okkur.
- Trygging vegna endurgreiðslu – Keyptir hlutir verða að vera sendir til okkar og í upprunalegum umbúðum ef þess er óskað af okkur.
- Afpöntun miða – Þú verður að útvega sönnun af hæfum afpöntunar ástæðum.

Fyrir almennar fyrirspurnir

- Hringdu í +32 2 808 96 39
- Sendu tölvupóst á contact@qover.com
- Heimasíða: www.qover.com



Hvenær og hvernig borga ég?

Þessi váttrygging er veitt samkvæmt hópvátryggingum sem Revoult hefur hjá Chubb í þágu reikningseiganda. Það er ekkert aukagjald eða iðgjald fyrir þessa tryggingu.



Hvenær byrjar þessi trygging og hvenær lýkur henni?

Tryggingin byrjar þegar þú skráir þig fyrst fyrir Plus, Premium, Metal eða Ultra reikningi eða þann 16. desember 2020. Tryggingin tryggir tryggða hluti sem þú kaupir með reikningnum, í samræmi við tryggingarskilmálana.

Þú ert einnig tryggður ef að þú uppfærir úr ókeypis planinu yfir í annað hvort Plus, Premium, Metal eða Ultra plan innan við 12 klukkutíma frá því að hluturinn var keyptur, að því skilyrði uppfylltu að hluturinn hafi verið keyptur erlendis.



Hvernig hætti ég við trygginguna?

- Þú getur hætt við trygginguna með því að hætta við reikninginn eða með því að fara aftur í ókeypis reikninginn. Þú getur fundið út hvernig á að hætta við reikninginn á: <https://www.revolut.com/legal/terms/>